

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 5. mars 2013
Tilvísun: UST20130200182/bs

Breytt lega Axarvegur milli Háubrekku og Reiðeyrar í Berufjarðardal - Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 20. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hér er um að ræða nýja veglínu, línu G, sem er viðbót við þær veglínur sem fjallað var um við mat á umhverfisáhrifum Axarvegur sem lauk 15. apríl 2011 þegar álit Skipulagsstofnunar lá fyrir. Í þeirri matskyldufyrirspurn sem hér um ræðir er einungis fjallað um línu G. Veglína G víkur frá fyrri veglínum við stöð 18400 og endar við stöð 26600. Veglína G er 8,2 km löng. Breiðast verður vegsvæði hinnar nýju línu um 70 m. Hæsta fylling 12,8 m há og dýpsta skering 16, 2 m djúp.

Gróðurfar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er aðallega lyngmói, mosagróður og graslendi. Engar friðlýstar tegundir eða tegundir á valista fundust við vettvangsathugun.

Veglína G mun raska á tveimur stöðum votlendi sem er stærra en 3 ha, en forðast ber rask slíkra vistkerfa sbr. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Jarðmyndunum á línu G er lýst á eftirfarandi hátt í greinargerð: *Kletthjallar eru mjög áberandi landslagsform á svæðinu og mynda fallegt hjallalandslag. Þær jarðmyndanir sem lenda undir veginum og í verða skeringar, eru að mestu leyti klappir en einnig verða skeringar í bergganga, aurkeilur, skriðukeilur og að litlu leyti í strandhjalla.*

Í greinargerð segir m.a. um framkvæmdir á línu G: *Landþröng og miklar hæðabreytingar eru á þessum kafla sem gerir aðstæður til vegagerðar erfiðar. Töluverðar skeringar og fyllingar þarf til að uppfylla kröfur um öryggi og snjósöfnun.*

Framkvæmdaaðili telur að áhrif veglínu G verði fyrst og fremst á landslag. Um þetta segir m.a. í greinargerð: *Landslagið er mjög erfitt til vegagerðar og víða þarf að gera miklar skeringar í hjallabrunir og hlíðar og fylla yfir landið neðan við skeringarnar.....Vegagerð um brekkurnar niður í Berufjörð mun þó sjást vel, bæði ofan frá og frá botni Berufjarðar og hafa veruleg sjónræn áhrif.*

Í greinargerð er gerður viss samanburður á þeim mun sem er á veglínu G og núverandi vegi, en um þetta segir í greinargerð: *Nýr vegur samkvæmt veglínu G mun að mestu leyti liggja utan núverandi vegar og verða breiðari og hærri en hann er í dag. Skorið verður í gegnum hæðir og fyllt í lægðir þar sem núverandi vegur fylgir landslaginu. Niður brekkurnar í Berufirði þarf að breyta landslagi verulega til að leggja veg sem uppfyllir kröfur í*

veghönnunarreglum Vegagerðarinnar.


Hér er lýst því verklagi sem viðhaft verður við lagningu Axarvegar samkvæmt veglínu G. Hér er um að ræða varanlegar og óafturkræfar breytingar á landslagi að ræða. Núverandi vegur er hins vegar lagður að mestu eftir landinu og ætti að vera hægt að afmá að mestu ummerki um slíkt mannvirki.


Umhverfisstofnun telur að við lagning Axarvegar samkvæmt veglínu G muni votlendi sem nýtur verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd verða raskað. Tvö votlendissvæði hvort um sig stærri en 3 ha eru á veglínu G annars vegar milli stöðva 22560-22880 og hins vegar milli stöðva 23140-23190.

Veglagingin mun að mati Umhverfisstofnunar hafa umtalsverð og varanleg áhrif á landslag og ásýnd innsta hluta Berufjarðar. Í reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 1123/2005 segir um markmið reglugerðarinnar í liðum a og b: Tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar, b: Að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar.

Umhverfisstofnun telur að vegna umfangs fyrirhugaðrar framkvæmdar og áhrifa hennar á ásýnd og landslag í Berufirði telur stofnunin líklegt að lagning Axarvegar samkvæmt línu G muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt


Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur